

#### **14. Frumvarp**

til laga um vatnsorkusjerleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

Texti frumvarps þessa er samhljóða texta frumvarps þess um sama efni, sem lagt var fyrir Alþingi 1921 og 1922, sjá Alþingistíðindi 1921 A, bls. 217—31 og Alþingistíðindi 1922 A, bls. 165.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir óbreytt eins og það lá fyrir síðasta þingi. Málið var fyrst í neðri deild, og nefnd skipuð í það, er sömuleiðis hafði vatnamálið til meðferðar, en ekkert álit kom frá nefndinni. Samt sem áður þykir líklegt, að nefndin hafi nokkuð íhugað málið, sem auk þess er gamall gestur. Þykir því eðlilegast, að leggja það óbreytt fyrir, enda stjórninni innan handar að ræða við væntanlega nefnd um þær breytingar, er henni kynnu að þykja æskilegar.